

Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



 **Handbók kennara**



**SOS
BARNAPÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Ekkert barn á að alast upp eitt

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur eitt af hverjum tíu börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Börn án foreldraumsjónar eiga minni möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða að komast út úr vítahring fátæktar. Þegar barn missir umönnun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið ef ekkert er að gert.

Í Öðruvísi jóladagatali fá nemendur tækifæri til að læra um önnur lönd og börn sem þar búa og þeim gefst tækifæri til að taka höndum saman til að veita viðkvæmustu börnunum umönnun, vernd og öruggara heimili. Í ár bjóðum við grunnskólabörnum á Íslandi að taka þátt í jóladagatalinu níunda árið í röð.

Um SOS Barnaporpin

SOS Barnaporpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í rúmlega 130 löndum. Svona vinnum við:

1. **Fyrirbyggjandi:** Fjölskylduefning SOS styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín betur.
2. **Nýtt heimili:** Við tryggjum að börn sem eru ein fái öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning getur ekki veitt fullnægjandi umönnun.
3. **Við styrkjum samfélagið:** SOS Barnaporpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaporpin skýr rödd.

Gagnlegar upplýsingar um dagatalið

Á hverjum skóladegi í desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu. Gluggana er hægt að opna beint af heimasíðu SOS Barnaporpanna: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Hver gluggi hefur að geyma stutt myndband þar sem nemendur fá að kynnst börnum í öðrum löndum. Í ár ætlum við m.a. að heimsækja Kósóvó, Tanzaníu, Egyptaland, Simbabve, Víetnam og Nepal.

Í þessu hefti má finna kynningar á gluggum dagatalsins, spurningar til að vekja umræður um viðfangsefni dagsins og stafarugl jóladagatalsins. Í lok hvers myndbands þurfa nemendurnir að svara spurningu þar sem svarið gefur þeim einn bókstaf. Krakkarnir raða bókstöfunum á ákveðna staði í stafaruglinu (aftast í þessu hefti) til að finna lausnarorðið í ár. Kennarar senda svo inn svör úr stafaruglinu á hjordis@sos.is fyrir hönd bekkjarins í lok dagatalsins. **Dregið verður úr réttum svörum 9. janúar.**

Heimasíðan og efnið í ár

Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna á: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Á hverjum degi er hægt að opna nýjan glugga og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur **mánudaginn 2. desember**.

Sælla er að gefa en þiggja

Samhliða jóladagatalinu bjóðum við þátttakendum að vera með í söfnun í þeim tilgangi að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Nemendur taka þá að sér létt verkefni heima fyrir eða í nágrenninu (aðstoða við að setja í uppvottavélina, þurrka af, taka til í herbergjunum sínum, fara út að labba með hundinn) og fá smá aur að launum (frá foreldrum eða þeim sem þau aðstoða) sem þau geta gefið í söfnunina. Börnin geta líka safnað með öðrum hætti (dósasöfnun, kökubakstur, tombóla o.fl.). Allur peningur sem kemur inn rennur beint í forvarnarverkefni SOS Barnaþorpanna í Rúanda sem vinnur að því að efla barnafjölskyldur sem búa við sárafátækt til að koma í veg fyrir aðskilnað barna frá foreldrum sínum.

Þátttaka í söfnuninni er óháð þátttöku í jóladagatalinu. Hver fjölskylda getur ákveðið hvort hún vilji taka þátt í söfnuninni. Grunnskólabörn á Íslandi hafa safnað um fimm milljónum króna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður frá því Öðruvísi jóladagatal hóf göngu sína árið 2016. Svo eins og sjá má gerir margt smátt eitt stórt 😊 Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaldra sinna til að blómstra.

Söfnunin

Þau sem vilja taka þátt í söfnuninni geta lagt inn á reikning verkefnisins:

130-26-050028, kt. 500289-2529 en einnig er hægt að leggja peninginn beint inn **HÉR**.

Nepal og barnaþorpið í Jorpati

Í ár fengum við styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að fjalla sérstaklega um barnaþorpið Jorpati í Nepal en það barnaþorp sérhæfir sig í að taka á móti börnum með fötlun sem eiga engan að. Í jóladagatalinu í ár eru því fjórir gluggar sem leiða okkur þangað.

2. desember



Rita fatahönnuður

Í glugga dagsins ferðumst við til Nepal. Við heimsækjum Ritu en hún býr tímabundið í SOS barnaþorpinu í Jorpati ásamt eldri bróður sínum. SOS barnaþorpið í Jorpati sérhæfir sig í að taka á móti börnum með fötlun. Þar starfa fagaðilar sem hafa sérfræðiþekkingu á starfi með börnum með fötlun og aðgengi í þorpinu er sérstaklega hannað með þarfir barnanna í huga.

Rita og bróðir hennar Bilas bjuggu áður í sveit hjá ömmu sinni og afa. Þau þurftu að ganga langar vegalengdir til að komast í skólann og bróðir Ritu er með sjúkdóm sem gerir það að verkum að hann á erfitt með gang. Rita bar því bróður sinn á bakinu til og frá skóla á hverjum degi, tæplega fimm kílómetra hvora leið.

Rita hefur mikinn áhuga á tísku og langar til að verða fatahönnuður þegar hún verður stór. Við fáum að fylgjast með henni nýta hæfileika sinn til að koma mömmu sinni á óvart.

Umræðupunktur

- Ritu langaði til að verða fatahönnuður eftir að hún sá það í bíómynd. Hafið þið hugsað hvað ykkur langar til að gera í framtíðinni?
- Er langt fyrir ykkur að labba í skólann?
- Eftir að Rita kom í barnaþorpið átti hún meiri frítíma en áður, nú nýtir hún frítímann til að spila borðtennis og hanna föt, hvað gerið þið í ykkar frítíma?
- Hvernig haldið þið að Ritu hafi liðið þegar hún gaf mömmu sinni kjólinn?

Stafarugl dagsins:

Hvað langar Ritu að verða þegar hún verður stór?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 1 og 12

3. desember



Eliza fer í skóla

Í dag ferðumst við til Kósovó sem er land á Balkanskaga. Við fræðumst um landið og sögu þess en við ætlum líka að heimsækja Elizu sem býr ásamt fjölskyldu sinni í bænum Pristína. Eliza er 8 ára og er byrjuð í skóla en hún saknar þó enn leikskólans sem hún var í, aðallega vegna þess að þar voru svo mörg leikföng. Eliza á ekki mikið af dóti en hún á einn bangsa og mörg systkini sem hún getur leikið við. Kíkjum til Kósovó.

Umræðupunktur

- Eliza á mörg systkini, hvar í systkinaröðinni haldið þið að sé best að vera, yngst, elst eða kannski einhvers staðar í miðjunni? Hvað er gott/slæmt við það að eiga yngri/eldri systkini?
- Þó Eliza sé búin að eignast bangsa þá á hún enn ekki mörg leikföng til að leika með. Hvað finnst ykkur um það? Hvernig getur hún leikið sér?
- Hvernig leikið þið ykkur?
- Uppáhalds fagið hennar Elizu er albanska. Hvað er uppáhalds fagið ykkar í skólanum?

Stafarugl dagsins:

Hvað heitir stelpan sem við heimsóttum í dag?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 11

4. desember



Niema og Harakat sviðslistahópurinn

Í dag hittum við Niema en hún er partur af Harakat listahópnum í Egyptalandi. Harakat listahópurinn er vettvangur þar sem börn og ungmenni í Kaíró fá rými til að efla sig og verða sjálfstæðari en verkefninu er einnig ætlað að draga úr áhættuhegðun ungmennanna í hverfinu. SOS Barnaporpin í Egyptalandi hafa frá árinu 2010 staðið fyrir þessu verkefni sem býður upp á listameðferðir á borð við dans, söng, leiklist og listmálun.

Á hverju ári safnast hópurinn saman í þriggja daga æfingabúðir þar sem þau undirbúa árlegu sýninguna sína sem fram fer í Óperuhúsinu í Kaíró. Við fáum að fylgja Niema í æfingabúðirnar.

Umræðupunktur

- Niema segir að æfingarnar hafi hjálpað henni í náminu. Hvers vegna ætli það sé?
- Hvers vegna er mikilvægt að krakkarnir í hópnum þekkist vel áður en þau sýna í óperuhúsinu í Kaíró?
- Hvaða merkingu hefur orðið Harakat?
- Þekkið þið einhvern fótboltamann sem kemur frá Egyptalandi?

Stafarugl dagsins:

Hvaða haf heimsækir hópurinn í glugga dagsins?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 10

5. desember



Deepa vill hjálpa öðrum

Aftur kíkjum við í barnaþorpið í Jorpati. Nú fáum við að kynnst Deepu en hún kom í barnaþorpið fyrir nokkrum mánuðum ásamt bróður sínum. Í þorpinu kynntist Deepa hjúkrunarfræðingnum Remu. Deepa fylgist vel með Remu að störfum því Deepu langar mikið til að verða læknir þegar hún verður stór. Rema ólst sjálf upp í SOS barnaþorpi og getur því sett sig í spor barnanna sem þar búa. Deepu finnst gott að hitta Remu því hún skilur hvernig Deepu líður.

Rema tekur vel á móti Deepu og kynnir fyrir henni störf hjúkrunarfræðinga. Hún hvetur hana til að vera duglega í skólanum. En til þess að Deepa geti verið dugleg í skólanum þá er mikilvægt að hún fái góðan og næringarríkan mat. SOS mamma hennar passar vel upp á það enda er hún mjög góður kokkur.

Umræðupunktur

- Hvers vegna er mikilvægt fyrir Deepu að fá næringarríkan mat ef hún ætlar að vera dugleg í skólanum?
- Hvað græðum við á því að hjálpa til við að undirbúa kvöldmatinn?
- Deepa og bróðir hennar kynntust nýju borðspili þegar þau komu í barnaþorpið. Hafið þið spilað það spil?
- Í myndbandinu var talað um að margir flytji frá sveitum til borgarinnar í leit að vinnu. Af hverju ætli það sé?

Stafarugl dagsins:

Hvaða borðspil eru Deepa og bróðir hennar að spila?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 4, 8 og 13

6. desember



Fréttakonan Abby

Þá ætlum við að ferðast til Tanzaníu. Þar hittum við Abby. Abby hefur lengi vitað hvað hún ætlar að verða þegar hún verður stór. Hún ætlar að verða fréttakona. Hún æfir sig mikið til að draumur hennar verði að veruleika. Hún hefur útbúið marga fréttapætti og þó hún sé ekki gömul þá hefur hún æft sig í nokkur ár.

Í fréttapætti hennar í dag skoðar hún fjölskyldur og nán tengsl. Hún tekur viðtal við mömmu sína og nágrannakonu til að skilja viðfangsefnið betur.

Umræðupunktur

- Abby veltir fyrir sér hvað sé hægt að gera þegar maður saknar einhvers sem er ekki alltaf hjá okkur, mamma hennar gefur henni góð ráð við því. Hvað mynduð þið ráðleggja Abby?
- Fjölskyldur geta verið af öllum stærðum og gerðum. En það er ekki bara fjölskyldan sem getur veitt okkur stuðning og leiðbeint okkur í gegnum lífið, hverjir fleiri geta gert það?
- Abby ætlar að verða féttakona þegar hún verður stór, hvernig getur hún undirbúið sig fyrir það?
- Abby gefur okkur uppskrift að chapati brauði. Er sú uppskrift lík/ólík uppskrift að íslensku flatökunum?

Stafarugl dagsins:

Hvað heitir forseti Tanzaníu?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 5

9. desember



Garima frá Nepal

Fyrr í dagatalinu hittum við Ritu. Nú ætlum við að kynnast bestu vinkonu hennar, Garimu. Áður en Garima kom í barnaþorpið í Jorpati bjó hún í úthverfi Nepal þar sem mikil fátækt ríkir. Þegar Garima var yngri datt hún og hryggbrotnaði, við fallið hlaut hún mænuskaða og þarf því að notast við hjólastól í dag. Eftir langa sjúkrahúslegu eignaðist Garima nýtt heimili í SOS barnaþorpinu í Jorpati.

Garima er ákveðin og stefnir á að verða félagsráðgjafi þegar hún verður eldri því hana langar til að bæta líf annarra og hjálpa fólki sem er í svipaðri stöðu og hún. Hún ver miklum tíma í endurhæfingu og æfingar en henni finnst líka mjög gaman að spila badminton með vinum sínum.

Umræðupunktur

- Í þorpinu þar sem Garima bjó áður var ekkert aðgengi fyrir hjólastóla og því gat hún ekki búið þar, það gat heldur enginn annast hana svo hún eignaðist nýtt heimili í SOS barnaþorpinu í Jorpati. Hverju þarf að huga að svo fólk í hjólastól komist leiða sinna?
- Hvernig er aðgengi fyrir hjólastóla í ykkar skóla?
- Garima segir að þegar við hjálpum öðrum þá líður okkur sjálfum betur. Eruð þið sammála því?
- Eruð þið dugleg að hjálpa öðrum? Hvernig getið þið hjálpað?

Stafarugl dagsins:

Hvað heitir stelpan sem við heimsóttum í dag?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 16

10. desember



Allir hjálpast að

Í Barnasáttmálanum stendur að öll börn eigi sömu réttindi. Sérstaklega er tekið fram að börn með fötlun eigi rétt á að lifa við aðstæður sem geri þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og vöð er á. Því miður er þetta ekki alltaf raunin og í þróunarlöndunum er mikill meirihluti barna með fötlun sem fær ekki að fara í skóla. Sum lönd útvega ekki þjónustu fyrir foreldra með fötlun svo þeir geti séð um sig og fjölskyldur sínar. Í þeim löndum lendir það oft á börnunum að hjálpa foreldrum sínum.

En þó foreldrar geti ekki unnið vegna fötlunar þá eru þeir alveg jafn góðir foreldrar. Þeir þurfa bara á aðstoð að halda. Þess vegna hjálpa SOS Barnaþorpin slíkum fjölskyldum svo börnin geti búið hjá foreldrum sínum, farið í skóla og liðið vel. Í myndbandi dagsins kynnist þið einni slíkri fjölskyldu. Þið kynnist Tu Tho og mömmu hennar sem getur ekki lengur gert sömu hluti og hún gat áður. Það þýðir að Tu Tho þarf að hjálpa mikið til. En hún á líka góða ömmu, nágranna og bestu vinkonu sem eru henni innan handar.

Umræðupunktur

- Tu Tho þarf að aðstoða með mörg heimilisverk eftir að mamma hennar missti sjónina. Finnst ykkur hún þurfa að gera mikið? Hvar liggur línan milli þess að hjálpa til heima fyrir og barnavinnu?
- Hvað gerið þið til að hjálpa til heima hjá ykkur?
- Hvers vegna er mikilvægt að við hjálpumst öll að?
- Vitið þið um einhvern sem þyrfti á aðstoð að halda sem þið gætuð hjálpað?

Stafarugl dagsins:

Hvað heitir besta vinkona Tu Tho?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 15

11. desember



Væntingar

Í dag kynnumst við Sushimu. Hún er 14 ára og býr í SOS barnaporpi í Nepal. Þar hefur hún búið síðan hún var sex ára. Sushima og litli bróðir hennar fluttu í þorpið eftir að foreldrar þeirra létust og enginn annar ættingi var í aðstöðu til að sjá fyrir þeim. Sushimu fannst mjög erfitt að koma í þorpið, á nýjan stað, til nýrrar fjölskyldu. Hún saknaði foreldra sinna mikið. En smám saman aðlagðist hún og kynntist SOS mömmu sinni og systkinum.

Í glugga dagsins fylgjum við Sushimu út úr þorpinu en hún ætlar að heimsækja frænku sína og stjúpömmu. Sushima hefur alltaf haldið sambandi við þær en þær búa á svæðinu þar sem Sushima fæddist. Þar ríkir mikil fátækt og mörg börn fá ekki tækifæri til að fara í skóla. Amma Sushimu veit að Sushima fær góða menntun í skólanum sínum. Hún vill að Sushima verði læknir en Sushima sjálf er nú ekki sammála því. Hana langar til að verða lögfræðingur.

Umræðupunktur

- Hvað eru væntingar?
- Þarf maður að gera allt það sem aðrir ætlast til af manni?
- Eru stundum gerðar of miklar væntingar til barna? Eða of litlar?
- Eigið þið einhverja ættingja sem ykkur finnst gaman að heimsækja?

Stafarugl dagsins:

Hvað langar Sushimu að verða þegar hún verður stór?
Bókstafur 2 fer í reit nr. 3

12. desember



Tveir strákar frá Simbabve

Í glugga dagsins ferðumst við til lands í suðurhluta Afríku sem heitir Simbabve. Þar heimsækjum við tvo stráka, Prosper og Ngoni. Báðir búa þeir í borginni Bindura. Prosper býr hjá ömmu sinni og frænda en Ngoni býr í SOS barnaþorpinu í Bindura ásamt SOS mömmu sinni og níu SOS systkinum. Báðir strákarnir fá að ganga í skóla enda mikilvægt fyrir framtíð þeirra að fá aðgengi að menntun. Í Simbabve fá ekki öll börn að ganga í skóla. Sumar fjölskyldur hafa ekki efni á að senda börn sín í skólann, stundum er skólinn of langt í burtu og stundum þurfa börnin að vinna til að fjölskyldan hafi efni á mat og húsnæði.

Umræðupunktur

- Hvað borðið þið oft á dag? Hvað þurfum við að borða oft á dag?
- Mörg börn (sérstaklega stelpur) í Simbabve þurfa að ganga langar vegalengdir til að ná í vatn fyrir fjölskylduna. Hvað þurfið þið að fara langa vegalengd til að ná ykkur í drykkjarvatn núna?
- SOS Barnaþorpin leggja mikla áherslu á að öll börn fái menntun. Hvers vegna er svona mikilvægt að fá menntun?
- Prosper ber ábyrgð á að gefa kjúklingunum að borða þegar hann kemur heim úr skólanum. Hvað gerið þið þegar þið komið heim úr skólanum?

Stafarugl dagsins:

Hvernig bú reka Prosper og fjölskylda hans eftir stuðning frá fjölskylduefningu SOS?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 6

13. desember



Saumasysturnar

Fátækt er ein aðalástæða þess að börn missa foreldraumsjón. Það getur verið sérstaklega erfitt fyrir fátækar fjölskyldur þegar foreldrarnir eru einstæðir og þurfa að sjá einir um börnin sín. Í mörgum löndum getur verið erfitt að fá vinnu. Og jafnvel þó maður sé svo heppinn að fá vinnu þá duga tekjurnar hjá einstæðu foreldri ekki alltaf fyrir helstu nauðsynjum. Lífið getur því orðið mjög krefjandi. Hvernig getur mamma eða pabbi útvegað börnum sínum hlýtt, þurrt og öruggt heimili og skólatöskur ef það er ekki einu sinni til nægur peningur fyrir mat?

SOS Barnaþorpin telja að ekki eigi að skilja börn frá foreldrum sínum eingöngu vegna þess að þeir séu fátækir. Samtökin vinna að því á hverjum degi um allan heim að aðstoða fjölskyldur svo þær geti búið saman. Oft er ekki mikið sem þarf að gera til þess að það sé hægt. Í glugga dagsins heimsækjum við móður sem getur nú annast dætur sínar vel eftir að hafa fengið smá stuðning frá SOS Barnaþorpunum.

Umræðupunktur

- Stelpurnar hjálpa mömmu sinni oft í saumabúðinni eftir skóla. Haldið þið að þeim finnist það skemmtilegt? Af hverju? Af hverju ekki?
- Hjálpið þið til heima hjá ykkur? Er gaman að leggja sitt af mörkum og gera gagn eða á fullorðna fólkið bara að sjá um þetta sjálf?
- Hvernig er hægt að styðja við foreldra sem búa við krefjandi aðstæður, svo börnin geti búið áfram hjá þeim? (Hægt er að veita þeim stuðning til að kaupa mat eða bæta lífsskjör, menntun eða skólagögn eða með því að veita þeim leiðsögn í uppeldinu).
- Fjölskyldan í myndbandinu hefur þurft að ganga í gegnum erfiðleika. Hvernig haldið þið að þeim líði núna?

Stafarugl dagsins:

Hvaða náttúruhamfarir urðu til þess að hús fjölskyldunnar hrundi?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 2

16. desember



Nabina dansar

Við erum ekki öll eins. Við höfum mismunandi hæfileika, væntingar og drauma. En við erum öll jafn mikilvæg og eigum öll sömu réttindi. Í dag hittum við Nabinu. Þegar Nabina kom fyrst í barnaþorpið í Jorpati gat hún hvorki gengið né talað. Hún átti erfitt með að reisa sig upp úr hjólastólnum því hún hafði ekki kraft í höndunum. Í barnaþorpinu fékk hún mikla aðstoð, góðan og næringarríkan mat og aðgengi að sjúkrabjálfun. Eftir mikinn dugnað og seiglu getur Nabina nú bæði tjáð sig og gengið. Hún getur meira að segja dansað en það er eitt af því skemmtilegasta sem hún gerir.

Nú syttist í nýársfögnuðinn í Nepal og Nabina er í aðalhlutverki í danssýningunni í þorpinu. Kíkjum til Nepal og kynnumst þessari sterku stelpu sem lætur ekkert stoppa sig og fræðumst í leiðinni um áramótin í Nepal en þar taka þau nú á móti árinu 2081.

Umræðupunktur

- Í myndbandinu fáum við að kynnast því hvernig Nabina hefur náð ótrúlegum árangri með seilgu sinni og þjálfun. Hvers vegna er svona mikilvægt að hún sé dugleg að æfa sig?
- Í myndbandinu kemur fram að dagatalið í Nepal sé ólíkt því íslenska. En tímabeltið er líka annað en á Íslandi. Vitið þið hvað klukkan er í Nepal núna? Hvað er mikill munur á tímanum á Íslandi og í Nepal?
- Í barnaþorpinu fagna börnin nýárinu með danssýningu. Hvernig eru áramótin hjá ykkur?
- Uppáhalds hátíðir Nabinu eru Dashain og Tihar, þekkið þið þær? Hvaða hátíðir haldið þið upp á?

Stafarugl dagsins:

Hverju eru börnin í glugga dagsins að fagna?
Bókstafur 2 fer í reit nr. 7

ATH! Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum

17. desember



Than og fjölskylda

Fátækt, slæm heilsa, sjúkdómar og atvinnuleysi gera það að verkum að margir foreldrar víðs vegar í heiminum geta ekki annast börnin sín. En stundum þarf ekki að gera mikið til að koma í veg fyrir aðskilnað barna frá foreldrum sínum. Stundum þarf bara smá aðstoð til þess að foreldrar nái að standa á eigin fótum og geti annast börnin sín sjálfir.

Pabbi barnanna í myndbandinu veiktist og dó. Eftir það þurfti mamma þeirra að vinna enn meira til að geta séð fyrir öllum börnunum. Það var erfitt að skapaði óvissu varðandi menntun barnanna. En með stuðningi frá SOS Barnaþorpunum gengur nú betur.

Umræðupunktur

- Öll börn eiga rétt á menntun en í sumum löndum geta foreldrar ekki sent börnin sín í skóla. Þá eru það oftast strákar sem fá að ganga í skóla og stelpurnar þurfa að aðstoða heima. Finnst ykkur það sanngjarnt? Hvernig er þetta á Íslandi?
- Hvað getur komið í veg fyrir að börn fái menntun?
- Hvers vegna er mikilvægt að öll börn fái að mennta sig?
- Tókuð þið eftir einhverju í íbúð Than sem er öðruvísi en hjá ykkur?

Stafarugl dagsins:

Hvað langar Than til að verða þegar hún verður stór?
Síðasti bókstafurinn fer í reit nr. 15

18. desember



Draumur Nazia

Nazia er 16 ára stelpa frá Indlandi. Hún býr ásamt fjölskyldu sinni í úthverfi Delí þar sem ríkir mikil fátækt. Fjölskyldan býr við hliðina á frárennslisskurði sem inniheldur ýmis skaðleg efni og hefur það haft áhrif á heilsufar fjölskyldunnar.

Naziu dreymdi alltaf um að snerta lyklaborð og skjái en enginn í fjölskyldu hennar hafði nokkurn tímann snert snjallsíma. Foreldrar hennar höfðu ekki tækifæri til að mennta sig og því var erfitt fyrir þau að fá vinnu. Í dag hafa aðstæður þeirra breyst. Fjölskyldan tekur þátt í fjölskyldueflingu SOS Barnaporpanna og er nú farin að geta staðið á eigin fótum. Nazia fær að ganga í skóla og sækir einnig tölvutíma. Mamma Naziu grét þegar hún sá hvaða tækifæri dóttir hennar fengi í lífinu. Hún vill henni allt það besta og hún veit að menntunin mun skipta sköpum í lífi Naziu.

Umræðupunktur

- Nazia býr í úthverfi Delí á Indlandi. Getið þið fundið Delí á landakorti?
- Hvað búa margir á Indlandi? En á Íslandi?
- Af hverju haldið þið að mamma Naziu sé svona ánægð að hún fái menntun?
- Mamma Naziu var ólæs en rekur nú eigið fyrirtæki. Hvernig haldið þið að líf hennar hafi breyst?

Stafarugl dagsins:

Nazia býr í úthverfi hvaða borgar?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 9

Stafarugl Öðruvísi jóladagatala SOS Barnabörpna 2024

Á hverjum degi svara þátttakendur spurningu sem tengist glugga dagsins.

Rétt svar gefur þeim einn staf sem setja þarf á réttan stað í stafaruglið hér að neðan.

ATH! Ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16

Sendið lausnina á hjordis@sos.is.

Dregið verður úr réttum lausnum fimmtudaginn 9. janúar.

Öðruvísi

Jóladagatal

